

Vestfirðir 14. júní 2023

## Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggð

Í febrúar 2023 samþykktu sveitarstjórnir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvörðun um skipan samstarfsnefndar byggir á undirbúningsviðræðum sveitarstjórnanna sem hófust sumarið 2022.

Eftirtalin voru skipuð í samstarfsnefnd:

### Tálknafjarðarhreppur

Jenný Lára Magnadóttir

Jóhann Örn Hreiðarsson

Lilja Magnúsdóttir

### Vesturbyggð

Guðrún Eggertsdóttir

Jón Árnason

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Einnig störfuðu með samstarfsnefndinni Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.

Samstarfsnefndin hefur haldið níu bókaða fundi og var Jón Árnason kjörinn formaður nefndarinnar og Lilja Magnúsdóttir varaformaður. Samstarfsnefndin byggir álit sitt og tillögu á víðtæku samráði og á stöðumati og greiningu sem unnin var fyrir nefndina. Leitað var samráðs við starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og óskað eftir upplýsingum og hugmyndum um atriði sem þarfnist uppfærslu. Þá voru hugmyndir um uppbyggingu stjórnsýslu þróaðar nánar og upplýsingar um fjárhag dregnar saman með tilliti til ársreikninga sveitarfélaganna fyrir 2022. Einnig voru haldnir fimm íbúafundir og stöðugreining og forsendur fyrir sameiningu uppfærðar með tilliti til þess er þar kom fram. Samstarfsnefnd telur lykilorðsöndu fyrir farsæli sameiningu að teknar verði upp heimastjórnir í stjórnskipulagi hins sameinaða sveitarfélags og að ríkið komi að innviðaupbyggingu á svæðinu með göngum um Mikladal og Hálfán. Hefur samstarfsnefndin átt samráð við þingflokka og ráðherra um helstu hagsmunamál svæðisins og hefur ráðherra samgöngumála gefið út að göng um Mikladal og Hálfán verði á samgönguáætlun og jarðgangnaáætlun sem fer í samráðsgátt í sumar og til afgreiðslu Alþingis næsta haust.

Samstarfsnefnd réði KPMG til að annast verkefnisstjórn verkefnisins, og aðstoða við stöðumat og tillögugerð. Greining samstarfsnefndar birtist í skýrslunni *Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - stöðugreining og forsendur*, dags. 14. júní 2023. Samstarfsnefndin hefur einnig tekið saman stutt yfirlit yfir helstu niðurstöður samráðs, *Framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar*, dags. 14. júní 2023.

Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra. Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á þeirri greiningu og forsendum sem líst er í skýrslunni og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag.

Lagt er til að atkvæðagreiðslu í sveitarfélögunum verði lokið 28. október 2023. Atkvæðagreiðslan skal fara fram skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og reglugerð um íbúakosningar nr. 323/2023. Í 5.mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að sveitarstjórn láti gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Það form skal staðfest af ráðuneytinu. Með skilabréfi þessu fylgir tillaga að kjörseðli sem er unnin skv. fyrirmynd frá ráðuneytinu.

Samstarfsnefnd bendir sveitarstjórnnum á mikilvægi þess að sameiginleg kjörstjórn hefji undirbúning fyrir íbúakosningu tímanlega þar sem þetta er í fyrsta sinn sem kosið er um sameiningu sveitarfélaga samkvæmt nýrri reglugerð um íbúakosningar. Einnig að haft sé samráð við við nauðsynlega aðila svo sem landskjörstjórn, Þjóðskrár Íslands, ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Stafrænt Ísland.

Samstarfsnefnd hefur nú lokið því verkefni sem nefndinni var falið með samþykkt sveitarstjórnanna í febrúar 2023 og leggur fram álit sitt. Samkvæmt 2. mgr. 119.gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá og hafa eina umræðu um málið án atkvæðagreiðslu. Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu. Sveitarstjórnirnar skulu ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið á sama tímabili í báðum sveitarfélögum.

Vakin er athygli á því að sveitarstjórnir þurfa að taka ákvörðun um hvort kynningarferli tillögunnar og undirbúningur atkvæðagreiðslunnar verði á höndum samstarfsnefndar eða sveitarstjórnanna sjálfra. Lagt er til að samstarfsnefnd verði falin þau verkefni. Kynningarstarf skal vera í samræmi við sveitarstjórnarlög og reglugerð um íbúakosningar.

*Það er mat samstarfsnefndar, að undangengnu umfangsmiklu samráði og greiningu, að það væri framfaraskref að sameina sveitarfélögin í eitt sveitarfélag. Þannig verður til öflugt sveitarfélag með sterkari rekstrargrundvöll sem getur bætt þjónustu við íbúa og með aukinn slagkraft.*

Samstarfsnefnd þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.

Virðingarfyllst

f.h. samstarfsnefndar

---

Jón Árnason, formaður

---

Lilja Magnúsdóttir, varaformaður

#### Fylgiskjöl

- I. Tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablað
- II. Tillaga að kjörseðli
- III. Sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - stöðugreining og forsendur, dags. 14. júní 2023
- IV. Framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, dags. 14. júní 2023.

Fylgiskjal I

## Tillaga að auglýsingu

Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingablaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið eina umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

### **Tillaga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar**

Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram dd.mm. til dd.mm 2023 í báðum sveitarfélögum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. 36 daga fyrirvara eins og áskilið er í 4.mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

dd.mm. 2023

Undirritun sveitarstjórnanna eða oddvita fyrir hönd sveitarfélaganna.

Fylgiskjal II

## Kjörseðill. Fyrirmynd

Kjörseðill vegna atkvæðagreiðslu í (sveitarfélag), dd.mm. – dd.mm. 2023.

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

## Samþykkir þú sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Já”,

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Nei”

Já

Nei